# VINNUSTAÐANÁMSSJÓÐUR

# Ársskýrsla 2019

Vinnustaðanámssjóður er starfræktur skv. lögum nr. 71/2012 um vinnustaðanámssjóð og veitir styrki til fyrirtækja og stofnana vegna vinnustaðanáms og starfsþjálfunar sem er skilgreindur hluti af starfsnámi samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla. Markmið sjóðsins er að hvetja fyrirtæki og stofnanir til að taka við nemendum sem stunda vinnustaðanám sem hluta af námi á framhaldsskólastigi og gera þeim kleift að ljúka tilskildu vinnustaðanámi. Styrkir til vinnustaðanáms eru veittir á grundvelli ákvörðunar um framlög á fjárlögum hvers árs.

**Stjórn Vinnustaðanámssjóðs**

Mennta- og menningarmálaráðherra skipar níu aðalmenn og níu varamenn í stjórn vinnustaðanámssjóðs til fjögurra ára í senn. Eftirfarandi aðilar tilnefna í stjórn sjóðsins: Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins, Samband íslenskra sveitarfélaga, Bandalag starfsmanna ríkis og bæja, Félag íslenskra framhaldsskóla, Samband íslenskra framhaldsskólanema, Kennarasamband Íslands og fjármála- og efnahagsráðuneyti. Formaður og varaformaður Vinnustaðanámssjóðs eru skipaðir án tilnefningar. Stjórn hefur yfirumsjón með sjóðnum, tekur ákvörðun um úthlutun og hefur eftirlit með nýtingu fjármuna sjóðsins.

Stjórn Vinnustaðanámssjóðs árið 2019 skipuðu:

- Bergþóra Þórhallsdóttir, formaður, án tilnefningar
- Einar Mar Þórðarson, tilnefndur af fjármála- og efnahagsráðherra
- Birna Ólafsdóttir, tilnefnd af Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja
- Jón B. Stefánsson, tilnefndur af Skólameistarafélagi Íslands
- Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir, tilnefnd af Samtökum atvinnulífsins
- Níels Sigurður Olgeirsson, tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands
- Hildur Björgvinsdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra framhaldsskólanema
- Guðlaug Ragnarsdóttir, tilnefnd af Kennarasambandi Íslands
- Ellisif Tinna Víðisdóttir, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Stjórnin hélt tvo fundi á árinu auk eins vinnufundar milli formanns og umsýsluaðila. Á öllum fundum fór fram umræða um framtíð sjóðsins og spurningar lagðar fram um hvort rétt væri að breyta verklagi í samræmi við þróun verknáms og rafrænna ferilbóka. Ákveðið var að stofna hóp innan stjórnarinnar sem myndi skoða þessi mál nánar.

## Umsýsla

Hlutverk Rannsóknarmiðstöðvar Íslands, Rannís, er að sjá um alla almenna umsýslu í kringum Vinnustaðanámssjóð. Rannís sér um að auglýsa umsóknarfresti fyrir hönd stjórnar, tekur á móti umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi og sendir þær áfram til réttra umsjónaraðila. Rannís sér um að svara öllum umsækjendum, tekur saman lokaskýrslur og tölfræði vegna sjóðsins, sér um upplýsingagjöf til umsækjenda og heldur utan um fundi stjórnar.

Rannís sér um að vinna umsóknir frá heilbrigðis- og félagsgreinum og uppeldis- og tómstundagreinum, Rafmennt sér um rafiðngreinar og IÐAN fræðslusetur sér um bygginga- og mannvirkjagreinar, farartækja- og flutningsgreinar, hönnunar- og handverksgreinar, matvæla-, veitinga- og ferðaþjónustugreinar, málm-, véltækni- og framleiðslugreinar, snyrtigreinar og upplýsinga- og fjölmiðlagreinar. Þegar farið er yfir umsóknir er athugað hvort námssamningur sé fyrir hendi.

Eftir að stjórn hefur samþykkt úthlutun fá umsækjendur senda staðfestingu um styrkveitingar með tölvupósti. Að vinnustaðanámi eða starfsþjálfun lokinni sendir ábyrgðaraðili vinnustaðanáms staðfestingu þess að framvinda vinnustaðanáms standist skilyrði styrkveitingar, sér til þess að staðfestur náms- eða starfsþjálfunarsamningur liggi fyrir og útvegar skjöl sem sanna að vinnustaðanámið hafi átt sér stað. Þá er styrkgreiðsla innt af hendi. Á árinu 2019 greiddu IÐAN fræðslusetur sínum hluta umsækjenda en mennta- og menningarmálaráðuneytið greiddi vegna þeirra umsókna sem Rannís og Rafmennt sáu um að fara yfir.

Umsýslu sjóðsins annaðist Skúli Leifsson, starfsmaður Rannís.

## Starfsemi

Fjárveiting til Vinnustaðanámssjóðs var 245 m.kr. á fjárlögum 2019 en 20 m.kr. bættust við frá árinu áður, alls 265 m.kr. Rannís hélt áfram samstarfi við IÐUNA og Rafmennt um tiltekna þætti í framkvæmd þessara styrkveitinga.

143 fyrirtæki og stofnanir sóttu um styrki fyrir 779 nema í alls 20.791 vikur á árinu sem nam tæplega 292 m.kr. Af reynslu síðustu ára mátti áætla að nokkur afföll yrðu af þessari heildartölu og því var ákveðið að halda styrkupphæðinni í 14.000 kr. á viku.

Þegar vinna hófst við yfirferð umsókna kom í ljós að einhverjar þeirra var hægt að sameina og aðrar voru dregnar til baka. Við það breyttist endanleg tala umsóttra styrka í 20.413 vikur fyrir 769 nema. Við uppgjör nam endanlegur fjöldi vinnustaðanámsvikna sem staðist höfðu skilyrði styrkveitingarinnar 16.603 vikur fyrir 732 nema. Greiddar voru því út um 232,5 milljónir króna í vinnustaðanám fyrir árið 2019. Það þýðir að heildarúhlutun úr sjóðnum var undir fjárveitingu en vinna er þegar hafin við að skoða hvernig best er hámarka nýtingu fjármagns án þess að farið sé yfir upphæð árlegrar fjárveitingar.

**Úthlutanir**

Styrkjum var úthlutað til 25 námsbrauta. Eins og fyrri ár var matreiðsla með hæstu úthlutunina eða 32% af heildarupphæð úthlutunar. Húsasmíði kom þar á eftir með 14% en í fyrsta sinn var það sjúkraliðabraut sem fékk þriðju hæstu úthlutunina eða 11% og er það umtalsverð aukning frá fyrri árum. Bakaraiðn, bifvélavirkjun og framreiðsla komu næstar í kringum 6% hver en aðrar greinar fengu lægri úthlutun.

Á næstu síðum má sjá ítarlegri tölur um úthlutun ársins skipt eftir fyrirtækjum/stofnunum, starfsnámsbrautum og starfsgreinaflokkum.

**Úthlutanir til fyrirtækja/stofnanna 2019**

| Fyrirtæki/stofnun | Fjöldi nema | Samtals vikur | Samtals kr. |
|---|---:|---:|---:|
| Abaco ehf. | 1 | 10 | 140.000 |
| Aðalmúr | 2 | 49 | 686.000 |
| Afltak | 5 | 148 | 2.072.000 |
| AH Pípulagnir ehf. | 1 | 10 | 140.000 |
| Akureyrarkaupstaður | 9 | 71 | 994.000 |
| Al bakstur ehf. | 3 | 69 | 966.000 |
| AM trésmíði slf. | 5 | 146 | 2.044.000 |
| Amaró ehf. | 1 | 16 | 224.000 |
| Apótek Grill ehf. | 5 | 84 | 1.176.000 |
| ÁK smíði ehf. | 6 | 260 | 3.640.000 |
| Bakarameistarinn ehf. | 2 | 22 | 308.000 |
| Bakarinn ehf. | 1 | 30 | 420.000 |
| BB byggingar ehf. | 7 | 204 | 2.856.000 |
| Bifreiðaverkstæði Blönduós ehf. | 1 | 12 | 168.000 |
| Bifreiðaverkstæði Reykjavík ehf. | 5 | 206 | 2.884.000 |
| Bílabúð Benna ehf. | 1 | 37 | 518.000 |
| Bílar og tjón ehf. | 1 | 32 | 448.000 |
| Bílaumboðið Askja ehf. | 5 | 137 | 1.918.000 |
| Bíl-Pro ehf | 1 | 30 | 420.000 |
| BL ehf. | 13 | 339 | 4.746.000 |
| Bláa Lónið hf. | 37 | 1364 | 19.096.000 |
| Blikkarinn ehf. | 3 | 36 | 504.000 |
| Blondie ehf. | 4 | 100 | 1.400.000 |
| Brauð og co ehf. | 4 | 136 | 1.904.000 |
| Bretti Réttingaverkstæði ehf. | 2 | 68 | 952.000 |
| Brimborg ehf. | 11 | 325 | 4.550.000 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Brúskur hárstofa ehf. | 2 | 45 | 630.000 |
| Byggingarfélag Gylfa/Gunnars hf. | 5 | 168 | 2.352.000 |
| Carisma snyrtistofa | 1 | 40 | 560.000 |
| Comfort Snyrtistofa ehf. | 1 | 24 | 336.000 |
| Dawid Smiður ehf. | 2 | 56 | 784.000 |
| Deilir Tækniþjónusta ehf. | 2 | 79 | 1.106.000 |
| Dvalarheimilið Ás | 1 | 3 | 42.000 |
| E.Viljar ehf. | 1 | 46 | 644.000 |
| EH lagnir ehf. | 2 | 69 | 966.000 |
| Elektro Co ehf. | 1 | 48 | 672.000 |
| Eykt ehf. | 6 | 90 | 1.260.000 |
| FG veitingar ehf. | 5 | 134 | 1.876.000 |
| Fiskmarkaðurinn ehf. | 7 | 252 | 3.528.000 |
| Flugleiðahótel ehf. | 54 | 1513 | 21.182.000 |
| Friðrik Jónsson ehf. | 5 | 110 | 1.540.000 |
| Galito slf. | 3 | 88 | 1.232.000 |
| Gamla Fiskfélagið ehf. | 9 | 279 | 3.906.000 |
| GJ smiðir ehf. | 1 | 48 | 672.000 |
| GJ veitingar ehf. | 11 | 402 | 5.628.000 |
| Grillmarkaðurinn ehf. | 8 | 302 | 4.228.000 |
| Grund | 1 | 3 | 42.000 |
| Gæðabakstur ehf. | 2 | 88 | 1.232.000 |
| H.Hjöll ehf. | 1 | 48 | 672.000 |
| Haf og land ehf. | 1 | 35 | 490.000 |
| Harald Isaksen (H&S Rafverktakar) | 2 | 81 | 1.134.000 |
| Hár og rósir hárstofa ehf. | 1 | 10 | 140.000 |
| Hárform ehf. | 1 | 24 | 336.000 |
| Hárnet ehf. | 2 | 51 | 714.000 |
| Hársnyrtistofan Korner ehf. | 1 | 19 | 266.000 |
| Hársnyrtistofan Medulla | 2 | 61 | 854.000 |
| Hekla hf. | 2 | 39 | 546.000 |
| Herramenn ehf. | 2 | 57 | 798.000 |
| Hrafnista Garðabæ - Ísafold | 1 | 3 | 42.000 |
| Hrafnista Kópavogi | 1 | 3 | 42.000 |
| Hrafnista Reykjanesbæ - Nesvellir | 1 | 3 | 42.000 |
| Hrafnista, dvalarheimili aldraðra | 6 | 18 | 252.000 |
| Hrafnista, dvalarheimili aldraðra | 1 | 3 | 42.000 |
| Hreinar Lagnir ehf. | 2 | 96 | 1.344.000 |
| Húsagerðin hf. | 10 | 276 | 3.864.000 |
| Ikea | 6 | 226 | 3.164.000 |
| Íslenski Matarkjallarinn ehf. | 8 | 242 | 3.388.000 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Íslenskir rafverktakar ehf.** | 1 | 48 | 672.000 |
| **Ístak hf.** | 1 | 12 | 168.000 |
| **Ístak hf.** | 8 | 161 | 2.254.000 |
| **Janey ehf.** | 2 | 38 | 532.000 |
| **JÁVERK ehf.** | 2 | 64 | 896.000 |
| **K6 veitingar ehf.** | 12 | 371 | 5.194.000 |
| **Kappar ehf.** | 2 | 77 | 1.078.000 |
| **KEA veitingar** | 6 | 212 | 2.968.000 |
| **KH veitingar ehf.** | 10 | 421 | 5.894.000 |
| **Kjarnafæði hf.** | 3 | 136 | 1.904.000 |
| **Kjölfar ehf.** | 1 | 29 | 406.000 |
| **Klettur-sala og þjónusta ehf.** | 1 | 48 | 672.000 |
| **K-Tak ehf.** | 2 | 94 | 1.316.000 |
| **Lagnir og hiti ehf.** | 1 | 31 | 434.000 |
| **Landspítali - Sjúkraliðar** | 174 | 1586 | 22.204.000 |
| **Landspítali - Matartæknar** | 16 | 35 | 490.000 |
| **Landspítali - Lyfjatæknar og læknaritarar** | 3 | 56 | 784.000 |
| **Lipurtá ehf.** | 3 | 62 | 868.000 |
| **Litalínan** | 1 | 21 | 294.000 |
| **Límtré Vírnet** | 2 | 83 | 1.162.000 |
| **Magnús og Steingrímur ehf.** | 1 | 22 | 308.000 |
| **Miðstöð ehf.** | 4 | 110 | 1.540.000 |
| **Mosfellsbakarí ehf.** | 4 | 184 | 2.576.000 |
| **Múriðn ehf.** | 1 | 12 | 168.000 |
| **Mörk hjúkrunarheimili** | 5 | 17 | 238.000 |
| **Object ehf. (Snyrtistofan Garðatorgi)** | 3 | 62 | 868.000 |
| **Pípulagnaverktakar** | 2 | 74 | 1.036.000 |
| **Pípulagningarvinnan ehf.** | 1 | 43 | 602.000 |
| **Pípulagnir Samúels og Kára ehf.** | 1 | 7 | 98.000 |
| **PípuLeggjarinn ehf.** | 1 | 25 | 350.000 |
| **Rafgæði ehf.** | 3 | 124 | 1.736.000 |
| **Rafvolt ehf.** | 1 | 37 | 518.000 |
| **Rafþekking** | 1 | 20 | 280.000 |
| **Rauðhetta og úlfurinn ehf.** | 1 | 34 | 476.000 |
| **RAUS Reykjavík ehf.** | 1 | 48 | 672.000 |
| **Regnbogalitir** | 2 | 60 | 840.000 |
| **Reykjavík** | 1 | 14 | 196.000 |
| **Reynir bakari ehf.** | 1 | 48 | 672.000 |
| **Rio Tinto á Íslandi hf. - Rafiðn** | 1 | 37 | 518.000 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Rio Tinto hf. á Íslandi** | 7 | 175 | 2.450.000 |
| **Rósa Þorvaldsdóttir** | 1 | 14 | 196.000 |
| **Rupia ehf.** | 2 | 38 | 532.000 |
| **S.Á. Lagnir ehf.** | 1 | 31 | 434.000 |
| **S.G múrverk ehf.** | 1 | 14 | 196.000 |
| **S.Ó.S. Lagnir ehf.** | 7 | 276 | 3.864.000 |
| **Sambagrill ehf.** | 2 | 89 | 1.246.000 |
| **Sambýlið Mururima 4/Reykjavík** | 1 | 6 | 84.000 |
| **Sandholt ehf.** | 5 | 168 | 2.352.000 |
| **Saumsprettan ehf.** | 4 | 27 | 378.000 |
| **SIGN ehf.** | 2 | 60 | 840.000 |
| **Sjammi ehf.** | 4 | 83 | 1.162.000 |
| **Sjávargrillið ehf.** | 4 | 107 | 1.498.000 |
| **Sjúkrahúsið á Akureyri** | 27 | 79 | 1.106.000 |
| **Sjö í höggi ehf.** | 2 | 32 | 448.000 |
| **Skólavörðustígur 40 ehf.** | 7 | 301 | 4.214.000 |
| **Smíðaverk ehf.** | 1 | 19 | 266.000 |
| **Snyrti- og nuddstofan Paradís** | 3 | 55 | 770.000 |
| **Snyrtistofa Grafarvogs ehf.** | 1 | 24 | 336.000 |
| **Snyrtistofan Ágústa** | 4 | 70 | 980.000 |
| **Snyrtistofan Helena fagra ehf.** | 2 | 56 | 784.000 |
| **Snyrtistofan Jóna ehf.** | 1 | 32 | 448.000 |
| **Snyrtistofan Vilja ehf.** | 2 | 49 | 686.000 |
| **Sóltún hjúkrunarheimili** | 1 | 5 | 70.000 |
| **Stálsmiðjan Útrás** | 5 | 191 | 2.674.000 |
| **Stálsmiðjan-Framtak ehf.** | 7 | 176 | 2.464.000 |
| **Steikhúsið** | 1 | 48 | 672.000 |
| **Tapas ehf.** | 3 | 103 | 1.442.000 |
| **TK bílar ehf.** | 4 | 113 | 1.582.000 |
| **Trésmiðjan Stígandi ehf.** | 3 | 48 | 672.000 |
| **Tréverk** | 1 | 30 | 420.000 |
| **Tæknihliðin ehf.** | 1 | 9 | 126.000 |
| **Vélsmiðja Steindórs ehf.** | 1 | 8 | 112.000 |
| **Vörðufell ehf.** | 2 | 69 | 966.000 |
| **ÞG verktakar ehf.** | 9 | 312 | 4.368.000 |
| **Samtals** | **732** | **16603** | **232.442.000** |

**Úthlutanir eftir starfsnámsbrautum 2019**

| Námsbraut | Fjöldi nem. | Fjöldi vikna | Úthlutað samtals kr. | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Bakaraiðn | 30 | 1.041 | 14.574.000 | 6,27% |
| Bifreiðasmíði | 6 | 236 | 3.304.000 | 1,42% |
| Bifvélavirkjun | 36 | 1.032 | 14.448.000 | 6,22% |
| Bílamálun | 4 | 102 | 1.428.000 | 0,61% |
| Blikksmíði | 4 | 84 | 1.176.000 | 0,51% |
| Fataiðn | 7 | 75 | 1.050.000 | 0,45% |
| Félagsliðabraut | 3 | 25 | 350.000 | 0,15% |
| Framreiðsla | 32 | 970 | 13.580.000 | 5,84% |
| Gull- og silfursmíði | 4 | 137 | 1.918.000 | 0,83% |
| Hársnyrtiiðn | 20 | 477 | 6.678.000 | 2,87% |
| Húsasmíði | 78 | 2.299 | 32.186.000 | 13,85% |
| Húsgagnasmíði | 1 | 22 | 308.000 | 0,13% |
| Kjötiðn | 3 | 136 | 1.904.000 | 0,82% |
| Læknaritarabraut | 3 | 56 | 784.000 | 0,34% |
| Matartæknabraut | 16 | 35 | 490.000 | 0,21% |
| Matreiðsla | 158 | 5.272 | 73.808.000 | 31,75% |
| Málaraiðn | 3 | 81 | 1.134.000 | 0,49% |
| Múraraiðn | 8 | 180 | 2.504.000 | 1,08% |
| Pípulagnir | 26 | 890 | 12.460.000 | 5,36% |
| Rafeindavirkjun | 1 | 9 | 126.000 | 0,05% |
| Rafvirkjun | 12 | 440 | 6.160.000 | 2,65% |
| Sjúkraliðanám | 227 | 1.789 | 25.046.000 | 10,78% |
| Snyrtifræði | 24 | 498 | 6.972.000 | 3,00% |
| Stálsmíði | 8 | 220 | 3.080.000 | 1,33% |
| Vélvirkjun | 18 | 497 | 6.958.000 | 2,99% |
| *Samtals* | *732* | *16.603* | *232.442.000* | *100%* |

**Úthlutanir eftir starfsgreinaflokkum**

| Starfsgreinaflokkar | Fjöldi nem. | Fjöldi vikna | Úthlutað samtals kr. | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|
| Bygginga- og mannvirkjagreinar | 116 | 3472 | 48.608.000 | 20,91% |
| Heilbrigðis-, félags og uppeldisgreinar | 249 | 1905 | 26.670.000 | 11,48% |
| Hönnunar- og handverksgreinar | 11 | 212 | 2.968.000 | 1,28% |
| Matvæla, veitinga- og ferðaþjónustugreinar | 223 | 7419 | 103.866.000 | 44,68% |
| Málmtækni-,vélstjórnar- og framleiðslugreinar | 30 | 801 | 11.214.000 | 4,83% |
| Rafiðngreinar | 13 | 449 | 6.286.000 | 2,70% |
| Samgöngu, farartækja- og flutningsgreinar | 46 | 1370 | 19.180.000 | 8,25% |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Snyrtigreinar | 44 | 975 | 13.650.000 | 5,87% |